



## Fundargerð 7. ársfundar Þekkingarseturs Suðurnesja

Fundur var haldinn fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 16:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Kosning fundarstjóra og ritara

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður Þekkingarseturs Suðurnesja, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hún lagði til að Björk Guðjónsdóttir tæki að sér fundarstjórn og að Hanna María Kristjánsdóttir yrði skipuð ritari. Samþykkti fundurinn það einróma. Lögð var fram tillaga að dagskrárbreytingu þannig að skýrsla stjórnar og kynning á starfsáætlun myndu færast aftast í dagskrána, sem var samþykkt. Björk tók því næst við sem fundarstjóri.

#### 2. Ársreikningur ársins 2018

Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðaðan ársreikning Þekkingarsetursins fyrir árið 2018 sem stjórn hafði áður samþykkt einróma. Hagnaður varð af rekstri setursins á árinu að fjárhæð 500.000 kr. Heildareignir námu 21,1 milljón kr. í árslok en skuldir voru 15,3 milljónir kr. Ársreikningurinn er aðgengilegur á heimasíðu Þekkingarsetursins: <http://thekkingarsetur.is/thekkingarsetur-sudurnesja/skjol/>

#### 3. Fæðuval vaðfugla í fjörum á fari um Reykjanesskaga

Sölvi Rúnar Vignisson, líffræðingur hjá Þekkingarsetrinu, kynnti meistaraverkefni sitt í líffræði við Háskóla Íslands en þar kannaði hann fæðuval vaðfugla í fjörum á fari um Reykjanesið.

#### 4. Skýrsla stjórnar

Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður, fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2018. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.



## 5. Starfsáætlun ársins 2019 lögð fram til kynningar

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja fjallaði um starfsáætlun setursins fyrir árið 2019. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu Þekkingarsetursins.

## 6. Önnur mál

Engin önnur mál en Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis tók til máls og lýsti yfir ánægju sinni með starfsemi Þekkingarsetursins, hrósaði starfsfólki og sagði hróður setursins hafa farið víða.

Fundi var slitið kl. 17:30.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Björk Guðjónsdóttir - Sign

---

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

---

Daniel Coaten - Sign

---

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign

---

Fríða Stefánsdóttir - Sign

---

Þorvaldur Örn Árnason - Sign